

Alþingi 126/962  
Erindi nr. Þ  
komudagur 18.1.2001

Til: Nefnasviðs Alþingis  
Þorshamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Félagsvísindadeild  
Oddi,  
Háskóli Íslands.  
Reykjavík.

17. jan. 2001

UMSÖGN UM FRUMVÖRP TIL ÞJÓÐMINJALAGA, SAFNALAGA  
OG LAGA UM HÚSAFRÍÐUN

**Frumvarp til þjóðminjalaga**

- II 3gr: “Hann markar stefnu og gerir langtímaáætlun um þjóðminjavörslu í heild”  
Er ekki betra að hann geri þetta í samráði við aðra t.d. fornleifanefnd, þó ábyrgðin verði hans.  
4gr: Fimmti maðurinn ætti að hafa tilheyrandi menntun, þ.e. fornleifafræði, sagnfræði, þjóðfræði, listasögu.
- III 5gr: “Þjóðminjavörður ræður safnstjóra þjóðminjasafns Íslands” Einnig hér ætti hann að hafa samráð við aðra en ekki vera einráður.  
7gr: Ekki er nóg að skrásetja, upplýsingarnar verða að vera aðgengilegar.
- IV 8gr: Mjög gott að minjaverðir skuli vera fornleifafræðingar eða menntaðir í menningarsögu, því auðvitað eru fleiri en fornleifafræðingar sem koma til greina. Mér finnst þó nauðsynlegt að minjaráð sé til að hverju minjasvæði og ekki nóg að heimilt sé að stofna slíkt ráð.
- VI 24gr: Þriðji maðurinn ætti að hafa menntum í fornleifafræði, sagnfræði eða þjóðfræði.

Ég er ánægður með hugmyndina um að stofna embætti safnstjóra (undir þjóðminjaverði) og að vægi þjóðminjasafnsins sem ráðgjafa fyrir önnur söfn, verði aukið.

Einnig er gott að stytta boðleiðir og einfalda starfsemi þjóðminjavörslu – um leið er þó nauðsynlegt að tryggja að mikilvægar ákvarðanir séu ekki teknar án samráðs við aðra (t.d. fornleifanefnd)

Gott er að mynda eina nefnd í staðin fyrir tvær (þjóðminjaráð og fornleifanefn), en jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að allir meðlimir hafi reynslu, þekkingu og tilheyrandi menntun.

Gott er og nauðsynlegt að útgjöld ríkisins til forleifarannsókna verði aukin. Aðstæður á Íslandi eru sérstaklega góðar fyrir forleifarannsóknir ýmis konar. Nú er gott tækifæri til að rannsaka og fræðast meira um fornmenningu norðmanna án þess að raska byggðalögum.

Um útboð verkefnis (10gr.) – góð hugmynd og ætti að veita meira svigrúm í fornleifafræði.

### **Frumvarp til laga. Um húsfriðun.**

#### **I Yfirstjórn og skipulag.**

Af fimm fulltrúum skipar menntamálaráðherra þrjá án tilnefningar og varamenn að sama skapi. Ráðherra skipar einnig formann og varaformann nefndarinnar auk forstöðumanns. Lýðræðislegri leið hlýtur að vera til. Með þessu móti er hætt við að ályktanir nefndarinnar stjórnist af pólitískum hagsmunum og að val nefndarmanna ráðist af öðru en hæfni, menntun, reynslu eða þekkingu.

Nefndin þarf að geta unnið fagmannlega og óhlutdrægt en má ekki stjórna af tískusveiflum, pólitískum eða annars konar. Þjóðminjavörður eða fulltrúi hans ætti ekki eingöngu að hafa seturétt á fundum húsfriðunarnefndar, heldur ætti hann að vera virkur meðlimur.

Frumvarpið er í heild ágætt og engu við að bæta. Framkvæmd laganna veltur fullkomlega á því hverjir veljast í nefndina, það þarf að vanda valið því oftast verður ekki aftur snúið þegar mistök verða.

### **Frumvarp til safnalaga.**

Engar athugasemdir.

---

Terry Gunnell,  
Lektor í þjóðfræði